

# Skólaráðsfundur 26. janúar 2021

Mættir: Erla Björnsdóttir, Lís Greipsson, Guðrún Ingibjörg, Krístrún Krístjánsdóttir, Einar Berg Árnason, Thelma Huld, Eva Ómarsdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir

Fundarefni:

- 1) Drög að skóladagatali 2021-2022 kynnt
- 2) Samræmd próf
- 3) Fjárhagsáætlun
- 4) Lágafellsskóli/Höfðaberg – breytingar á skólaárinu
- 5) Önnur mál:

Samantekt:

1. Skóladagatal. Lís kynnir drög að skóladagatali. Verður lagt aftur fyrir 2. mars að öllum líkindum.
  - Nemendur eiga að fá 180 nemenda daga. Á dagatali eiga einnig að vera átta starfsdagar kennara utan skólatíma og fimm starfsdagar á skólatíma. Reynt er að skipuleggja þessa fimm daga þannig að þeir lendi á mismunandi vikudegi.
  - Í upphafi skólaárs eru sex starfsdagar til undirbúnings og endurmenntunar.
  - Starfsdagur í september er sameiginlegur fræðsludagur leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar.
  - Í lok október er einn starfsdagur að loknu vetrarfríi. Sá starfsdagur hefur oft verið í tengslum við foreldraviðtöl sem eru í nóvember.
  - Starfsdagur í janúar er settur 3.janúar. Sá starfsdagur gæti færst yfir á 4. janúar þar sem skóladagar kennara á að vera í samræmi við nemenda og eiga nemendur að vera í frí frá 21. desember til og með 3. janúar. Af þeim sökum er ekki hægt að setja starfsdag 3. janúar nema með samþykki kennara.
  - Hefð hefur verið fyrir því að vetrarfrí sé í lok febrúar og er gert ráð fyrir tveimur vetrarfrísdögum um miðjan febrúar.
  - Lágafellsskóli er að stefna að námsferð á næsta skólaári og hefur því verið óskað eftir því að fá starfsdaga eftir sumardaginn fyrsta eða þann 22. apríl.
  - Starfsdagur er svo í maí sem er hugsaður fyrir námsmat og undirbúning fyrir skólaslit.
  - Að lokum eru tveir starfsdagar í lok skólaárs.

Tvöfaldur dagur er settur inn í apríl. Hann er hugsaður annars vegar fyrir Vorhátíð í 1.-7. bekk og hins vegar fyrir árhátíð unglínga.

Ábending/ósk um að lengja frekar vetrarfrí í febrúar um einn dag. Í drögum að skóladagatali er gert ráð fyrir að vetrarfrí í október verði 2 dagar og síðan komi starfsdagur þar á eftir en í febrúar eru áætlaðir tveir vetrarfrísdagar og enginn starfsdagur. Talað var um að vetrarfríð í október nýtist verr fyrir samverustundir fjölskyldunnar, það sé stutt síðan að skólinn byrjaði og ekki kominn frílöngun í nemendur og eins að það sé minna að gera fyrir fjölskyldur. Óskað var því eftir að lengja vetrarfríð í febrúar um einn dag og stytta það í október.

Fyrirspurn kom um ástæðu þess að hefð sé fyrir að taka fjóra vetrarfrísdaga í stað fimm, sem er leyfilegur fjöldi daga í vetrarfrí. Svar við því er að með því að lengja vetrarfríð lengist

skóladagatalið. Reynslan hefur sýnt að það getur haft þau áhrif að nemendur fari frekar fyrr í sumarfrí m.a. vegna íþróttamóta og fleira.

## 2. Samræmd próf.

Samantekt 4. bekkur: Stöndum vel að vígi í íslensku, erum með góðan hóp sem fá hæfnieinkunnina A og B+ eða 18 nemendur. 29 nemendur fá hæfnieinkunnina B eða C+ og einungis 20 nemendur eru með lægri einkunn. 67 nemendur tóku íslenskuprófið.

Í stærðfræði eru færri nemendur í A og B+. Einnig eru of fáir í B og C+. Þar er verk að vinna. Niðurstöður gefa góðar vísbendingar um hvaða þætti þarf að leggja meiri áherslu á og vinna markvisst með.

Samantekt 7. bekkur: Lágafellsskóli vegur hátt yfir landsmeðaltali í bæði í íslensku og stærðfræði,

Í stærðfræði eru tæp 21% nemenda að fá hæfnieinkunnina A, 13,40 % nemenda fá hæfnieinkunnina B+ og 37,30% nemenda fá hæfnieinkunnina B.

Í íslensku fá 19,70% nemenda hæfnieinkunnina A, 16,70% nemenda fá B+ og 31,80% nemenda fá hæfnieinkunnina B.

Tilraunaverkefni er í gangi í skólanum þar sem markmiðið er að að koma til móts við getumeiri krakka og er áætlað að vera með það í a.m.k. þrjú ár til að meta árangurinn. Í verkefninu er unnið með minni hópa í 5., 6. og 7. bekk með von um að sjá fjölgun nemenda sem fá hæfnieinkunnina A eða B+. Þeir nemendur eru að fá flóknari viðfangsefni og gerðar eru meiri kröfur til þeirra.

## 3. Fjárhagsáætlun. Ekki eru miklar breytingar milli ára og er fjárhagsáætlunin að mestu sú sama. Helstu breytingar eru þær að Höfðaberg flyst yfir til Lágafellsskóla með tilheyrandi kostnaði. Launahækkningar árið 2020 hafa einnig áhrif ásamt verðlagshækkunum. Einnig er verið er að huga að endurbótum á t.d. skólastofum og búnaði, gert ráð fyrir að ein skólastofa verði tekin fyrir á næsta skólaári.

Fyrirspurnir:

- Er gert ráð fyrir auknum tækjabúnaði fyrir skólann t.d. Ipadar og Krómbækur (Chromebook)? Gert ráð fyrir að bæta við 45 krómbókum og hefur kerfisstjórinn fengið góð tilboð og því oft gert betur en áætlað er. Mosfellsbær hefur einnig sett aukið fjármagn til að auka við tækjakost skólanna.
- Verður gert ráð fyrir breytingum á skólalóð og bæta við leiktækjum fyrir yngri nemendur þar sem 1. og 2. bekkur eru að koma yfir í Lágafellsskóla? Eignasjóður hefur séð um framkvæmdir á skólalóðum og leiktækjum sem þar eru. Óskað hefur verið eftir því að skólalóðin verði skoðuð og endurbætt.
- Ástæða þess að mötuneyti er ekki gjaldfrjálst? Mötuneyti er kostnaður fyrir sveitafélagið og hefur Mosfellsbær ekki tekið ákvörðun að breyta og hafa hádegismat eða ávaxtabita gjaldfrjálstan. Önnur sveitafélög eru einnig að innheimta gjald fyrir skólamáltíðir og ávaxtabita.

Breytingar á skólaárinu:

- Nemendur og starfsfólk Höfðaberg flytjast yfir í Lágafellsskóla frá ágúst 2021 og verður þá 1.-10. bekkur aftur undir sama þaki í Lágafellsskóla. Ekki verður 5 ára deild við skólann. Nemendum hefur fækkað og því hægt að setja alla nemendur undir sama þak. Það verður þrengra um nemendur og einhverjar skólastofur mun þurfa að samnýta en það mun að öllum líkindum lagast ári síðar.

- Höfðaberg verður sjálfstæður leikskóli fyrir börn á aldrinum 3-5 ára.
- Kynning á þessum breytingum er fyrirhuguð á næstunni fyrir foreldra og starfsfólk.

#### 4. Fjölbreyttir kennsluhættir – Google skóli/Classroom

- Innleiðing á Google kerfi og notkunar á classroom. Búið er að bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk
- Í skólanum eru til 40 krómbækur fyrir árgang í 7.-10. bekk þar sem verið er að nota Classroom. Kennarar hafa sett sig inn í þá möguleika sem þetta kerfi býður upp á ásamt því sem Mentor er með, svo sem að setja inn verkefni og láta nemendur skila þeim í gegnum kerfið. Mun halda áfram í þróun.
- Til eru um 160 lpdar og eru þeir mest notaðir á yngsta og miðstigi. Námskeið fyrir kennara í SeeSaw, sem er sérstaklega hugsað fyrir gagnvirka kennslu í gegnum lpad, var haldið á starfsdegi í janúar.
- Mosfellsbær stefnir að því að efla tækjabúnað skólanna þannig að það verði 2-3 nemendur um hvert tæki.
- Allir starfsmenn færast yfir á google og eru komnir með @mosmennt.is netfang. Námskeið hafa verið haldin fyrir starfsfólk um notkunarmöguleika og mun sú fræðsla halda áfram. Margir möguleikar skapast með því að fara yfir í þetta kerfi, s.s. fjölbreytni í kennsluháttum, möguleikar í samstarfi milli kennara annars vegar og skóla hinsvegar.
- Nemendur í skólaráði tala um að Classroomið sé mjög þægilegt, allt á sama svæði og hægt að gera ýmislegt t.d. deila skjölum og utanumhald verkefna sinna.

#### 5. Önnur mál:

- Krístrún kynnti fyrir hönd Aftureldingar að verið er að vinna að því að kynna íþróttastarfið sem boðið er upp á í Mosfellsbæ á skólatíma. Komið er viljrði fyrir því og er unnið að útfærslu þess svo að það raski sem minnst skólastarfi. Áður fyrr báðust skólarnir undan slíkum kynningum þar sem fjöldi þeirra skapaði töluvert rask á skólastarfi. Einnig benda nýlegar niðurstöður rannsóknar til mikilvægi þess að nemendur og foreldrar/forráðamenn fái kynningu á því íþróttastarfi sem boðið er upp á.
- Fyrirspurn um Íþróttafjör. Skipulag hefur eitthvað breyst og er tilfinningin sú að færri nemendur eru í íþróttafjöri. Það kemur kannski ekki að sök þar sem nemendur í yngstu bekkjunum hafa verið duglegir að stunda tómstundir og íþróttir en eftir því sem nemendur eldast virðist sem færri þeirra stundi íþróttir.